

91.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis.

Haldinn í Glerárskóla 1.mars 2016 kl.18:15

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Sigrú Elva Briem, Helgi Stefánsson, Sigurður Magnússon og Páll Árdal. Berglind er ritari fundarins.

Í febrúar var enginn hverfisfundur þar sem engin aðkallandi verkefni voru á dagskrá.

#### 1. Aðalfundur hverfisnefndar

Miðvikudagurinn 13.apríl 2016 hefur verið ákveðinn aðalfundardagur hverfisnefndarinnar í ár. Tímasetning er frá kl.20:00 – 21:30. Helst að hafa fundinn ekki lengur en klukkustund og síðan geti fólk setið og fengið sér kaffi og spjallað. Dagskráin verður hefðbundin með tölu formanns, kosningar í stjórn, með erindi verður hinn nýji skipulagsstjóri, Bjarki Jóhannsson og síðan er alltaf gott að hafa opna umræðu um hverfið okkar og fá fólk til að tjá sig um bæinn og sitt umhverfi.

Eins og skráð var í síðustu fundargerð kom Berglind inn í hverfisnefndina í mars 2009, Helgi í mars 2012, Sigrún í apríl 2013, Sigurður í maí 2014 og Páll í apríl 2015.

Nauðsynlegt mun verða að fá nýtt fólk inn í hverfisnefndina þar sem Sigurður tók upp á því að flytja í Naustahverfið og mun því hætta eftir aðalfundinn ásmat Sigrúnu Briem sem óskar eftir að hætta líka. Þar sem Berglind er búin að vera í nefndinni í 7 ár og Helgi í 4 ár þættu nefndarmönnum gott ef einhverjir nýjir tækju við keflinu.

Sigrún ætlar að tala við talsmenn 10.bekkjar Glerárskóla og kaupa af þeim kaffiveitingar fyrir fundinn, til styrktar skólaferðalagi þeirra.

Auglýsing mun verða birt í Dagskránni, að venju.

Annað var ekki á dagskrá, margt spjallað en ekki fært til bókunar.

#### Eftirmáli:

Þann 3.mars 2016 var hverfisnefnd sendur tölvupóstur frá íbúa hverfisins sem var að forvitnast um hvort Seljagarðinn ætti að nýta næsta sumar og fékk viðkomandi svar við því samdægust. Þar var tilkynnt að með vorinu kæmi grill sem væri til nota fyrir alla þá sem það vildu, tveir bekkir til viðbótar þeim sem voru sl.sumar og að Akureyrarbær hefði sett svæðið á dagskrá hjá sér hvað varðaði slátt á grasi.

Þann 3.mars 2016 fékk hverfisnefnd einnig tölvupóst frá Jóni Birgi verkefnastjóra umhverfismála hjá Akureyrarbæ þar sem tilkynnt var að framkvæmdaráð hefði á fundi sínum þann 19.febrúar sl. ákveðið að framlag til hverfisnefnda yrði 1,5m kr fyrir árið 2016. Í tölvupóstinum var einnig óskað eftir tillögum frá nefndinni um framkvæmdir og fylgdi með í viðhengi verkefnaáætlun Umhverfisátaksins.